



SAMKEPPNISEFTIRLITIÐ

Alþingi – nefndasvið
bt. efnahags- og viðskiptanefndar
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 1. mars 2012
Tilv.: 1201004

Efni: Minnisblað Samkeppniseftirlitsins vegna fyrirspurnar efnahags- og viðskiptanefndar varðandi þingmál nr. 369

Á fundi með efnahags- og viðskiptanefnd í gær var fjallað um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 108/2007 um verðbréfavíðskipti, sbr. þingskjal 445, mál nr. 369. Nánar tiltekið varðar frumvarpið óverulegar breytingar á yfirtökureglum verðbréfavíðskiptalaga en í málinu vegast m.a. á sjónarmið Össurar hf. og Kauphallarinnar (NASDAQ OMX Iceland hf.). Frumvarpið var sent Samkeppniseftirlitinu með tölvupósti dags. þann 6. janúar sl. og gefinn frestur til 20. janúar til að skila undirritaðri umsögn. Samkeppniseftirlitið tók frumvarpið til skoðunar en taldi ekki efni til að gera athugasemdir við það. Samkeppniseftirlitið var síðan boðað til fundar með efnahags- og viðskiptanefnd í dag, 29. febrúar.

Á fundinum var óskað eftir minnisblaði frá Samkeppniseftirlitinu varðandi það hvort forsvaranlegt væri að sérreglur giltu á verðbréfamarkaði hér á landi sem væru þrengri en í nágrannalöndunum.

Til svars við þessu vill Samkeppniseftirlitið taka fram að ekkert í samkeppnislögum né öðrum íslenskum lögum bannar það að settar séu sérreglur í íslensk lög sem eru frábrugðnar því sem gerist hjá öðrum þjóðum. Þá virðist sú framkvæmd ekki fara gegn alþjóðlegum skuldbindingum Íslands samkvæmt því sem fram kom hjá efnahags- og viðskiptaráðuneytinu á fyrrgreindum fundi þingnefndar.

Við meðferð málsins fyrir þingnefndinni hafa verið færð fram rök fyrir því að það lagaumhverfi sem verið er að skapa með umræddum sérreglum geti verið fráhrindandi fyrir fyrirtæki á markaði og leitt til þess að þau fari úr landi og leiti skráningar á verðbréfamarkaði í öðrum löndum. Virðist Kauphöllin taka undir þessi sjónarmið. Samkeppniseftirlitið hefur ekki haft tækifæri til þess að meta áhrif frumvarpsins að þessu



leyti en vekur athygli á því að hafa þarf í huga að löggjöf hér á landi leiði ekki til þess að fyrirtæki hverfi af íslenskum markaði, með þeim afleiðingum að úr samkeppni dragi. Þannig þurfa sérreglur sem bjóða slíkri hættu heim að byggjast á sterkum málefnalegum rökum. Að öðru leyti telur Samkeppniseftirlitið ekki ástæðu til að taka afstöðu til frumvarpsins á grundvelli ákvæða samkeppnislaga.

Virðingarfyllst,
Samkeppniseftirlitið

Sonja Bjarnadóttir